

3 sem veitt er í fjárlögunum til barnaskóla, og getur því ekki komið til tals, að veita
15. jan. neinn styrk af þessu fje til að *stofna* barnaskóla í Dyrhólahreppi, nje heldur að veita neinn styrk til viðurhalds slíkum skóla, fyr en hann er kominn á fót og vissa er fengin fyrir, að hann njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.

4 Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um tilkall leigu-*
20. jan. *liða til hluta úr rekahval.* — Með brjefi dagsettu 22. septembermán. f. á. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað skýrslur viðvíkjandi hval, er drepinn var á Loðmundarfirði 29. apríl s. á. í netlögum þjóðjarðarinnar Ness, og bera þessar skýrslur með sjer, að þegar hvalsins varð vart, var hann króaður inn í ísvök mjög nærri landi; fóru þá menn frá bænum Nesi og Neshjáleigu á bát út í vökina, komust milli hvalsins og íssins og fældu hann svo, að hann flúði inn á land, unz hann kenndi grunns, og var hann þá festur og drepinn og dreginn á land með næsta flóði; síðan var hvalurinn, að frádregnum einum þriðjungi í skurðarhlut, seldur eptir ráðstöfun hlutaðeiganda umboðsmanns við opinbert uppboð sem eign landssjóðsins fyrir hjer um bil 1500 kr., en nú hafa leiguliðarnir á Nesi og Neshjáleigu farið fram á, að þeim beri einhver ákveðinn hluti, að því er virðist einn þriðjungur, af hvalnum, og leitað um það úrskurðar landsstjórnarinnar. Um þetta efni hafið þjer, herra amtmaður, látið það álit yðar í ljósi, að hvalur þessi samkvæmt Jónsbókar rekabálki, 2. kap., sje eign landssjóðsins sem landeiganda, og að hlutaðeigandi leiguliðum, er samkvæmt leiguliðaskyldu sinni festu hvalinn, ekki beri meira af honum en 6 vættir, hálf t hvort spik og rengi, en með því að hvalurinn að öllum líkindum hefði ekki náðst, þar sem svo er skýrt frá, að ísinn hafi rekið burt af firðinum daginn eptir hvaldrápið, ef leiguliðarnir hefðu ekki sýnt svo mikinn dugnað og atorku við að festa hann, hafið þjer lagt það til, að nefndum leiguliðum eða rjettum hlutaðeigendum verði gefinn kostur á að fá þriðjung hvalsins, sem eptir er þegar skurðarhlutinn er dreginn frá. Jafnframt hafið þjer lagt það til, að sú ráðstöfun hlutaðeigandi umboðsmanns, að hann hefir látið skurðarmenn hvalsins fá þriðjung hans í skurðarhlut, eins og venja sje í Múlasýslum, megi standa óhöggð.

Út af þessu skal yður, herra amtmaður, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það hlutaðeigendum, að jeg eptir þeim skýrslum, sem þannig eru fram komnar, er yður samdóma um, að hvalur sá, sem hjer um ræðir, sje eign landssjóðsins, og að jeg þess vegna ekki sje mjer fært að láta af hendi neinn ákveðinn hluta af andvirði hvalsins, fram yfir festarhlut samkvæmt Jónsbókar landsleigubálki, 7. kap., til leiguliðanna á Nesi og Neshjáleigu, en með því að það á hinn bóginn er upplýst, að menn þeir, er unnu að hvaldrápinu, hafa sýnt í því mikinn dugnað og áræði, og líkur eru til, að það sje framgöngu þeirra að þakka, að hvalurinn náðist, virðist mjer sanngjarnt, að það sje látið ásannast af hálfu landeiganda, og mun þeim því, ef þeir fara þess á leit, verða veitt hæfileg þóknun fyrir frammistöðu þeirra eptir nánari uppástungu yðar, herra amtmaður. Að því er snertir þann þriðjung hvalsins, sem skurðarmenn hafa fengið, má eptir atvikum við svo búið standa.

5 Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um land-*
20. jan. *hlut í hval.* — Með brjefi dagsettu 21. septembermán. f. á. hafið þjer, herra amtmaður,